



**74. Fundur bæjarráðs Blönduósarbæjar  
miðvikudaginn 31. janúar 2013, kl. 15:00.**

**Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

---

**Dagskrá:**

1. Byggðakvóti
2. Önnur mál

---

**Afgreiðslur:**

**1. Byggðakvóti**

Umræður urðu um byggðakvóta.

Fyrir fundinum liggja samningsforsendur milli útgerðaraðila og fiskvinnslu á Blönduósi sem bæjarráð telur viðunandi fyrir alla aðila.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi reglur:

Samþykkt var eftirfarandi undanþága frá reglugerð nr. 628/2012, um úthlutun byggðakvóta til byggðalaga á fiskveiðiarinu 2012/2013.

a) 4. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

„Skipta skal 37,5% úthlutaðs byggðakvóta jafnt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og 25% skal úthlutað til fiskiskipa sem orðið hafa fyrir samdrætti í veiðum á rækju í Húnaflóa skipt í hlutfalli við hlutdeild í Húnaflóarækju 1. september 2012 og 37,5% sem verði skipt milli þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar, í hlutfalli við landaðan afla hlutaðeigandi fiskiskips, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2011 til 31. ágúst 2012.“

b) 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig:

„Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan Blönduós afla sem nemur, í þorskígildum talið, jöfnu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað.“

**2. Önnur mál**

Bæjarráð felur bæjarstjóra að auglýsa starf fjármálastjóra laust til umsóknar.

Oddný María Gunnarsdóttir leggur fram eftirfarandi tillögu: „Bæjarráð samþykkir að fara yfir og endurskoða skipurit og starfslýsingar með hliðsjón af þörf í starfsmannahaldi Blönduósarbæjar með það að markmiði að ná fram hagræðingu og sparnaði.“



## Bæjarráð Blönduósbæjar

### *Greinargerð:*

*Í ljósi þess að fjármálastjóri hefur sagt upp störfum og byggingarfulltrúi lætur af störfum sökum aldurs er eðlilegt að endurskoða yfirstjórn bæjarfélagsins og greina hvaða færni og reynsla er nauðsynleg til að fjármálastjórn og stjórnslýsla verði sem best.“*

*Tillagan er borin undir atkvæði. Tillagan er felld með tveimur atkvæðum gegn einu.*

### *Zophonías Ari Lárusson leggur fram eftirfarandi breytingartillögu:*

*„Í ljósi þess að fjármálastjóri hefur sagt upp störfum og byggingarfulltrúi lætur af störfum sökum aldurs samþykkir bæjarráð að fara yfir og endurskoða skipurit og starfslýsingar með hliðsjón af þörf á starfsmannahaldi Blönduósbæjar og fram komi sú hagræðing sem stefnt var að í fjárhagsáætlun 2013.“*

*Tillagan er borin undir atkvæði. Tillagan er samþykkt með tveimur atkvæðum gegn einu.*

*Fundargerð upplesin og samþykkt.*

*Fundi slitið 15:45*

*Zophonías Ari Lárusson (sign.)  
Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)  
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)*

*Arnar Þór Sævarsson (sign.)*